

## Kjarnorkuvopnaváin, heimsfriðurinn og Norður-Kórea

Ég tottaði enn þá snuð og dúsu, þegar stríðið á Kóreuskaganum geisaði á árunum 1950 til 1953. Það var hryggilegur hildarleikur í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari, þar sem heimsveldin tókust á með þátttöku Sameinuðu þjóðanna. Um tvær milljónir manna voru drepnar, áður en eins konar sættir tókust, enda þótt aldrei hafi verið samið um eiginlega frið.

Skaganum var skipt í tvennt. Hvort tveggja ríkjanna kennir sig við lýðveldi. Norður-Kóreumenn hafa síðan lifað og hræst í skjóli gömlu Ráðstjórnarríkjanna (Sovét – nú Rússland) og alþýðuveldisins Kína. Rússar, sem höfðu þegið þekkingu á kjarnafræðum og -vopnum frá þýskum vísindamönnum (rétt eins Bandaríkjamenn), veittu Norður-Kóreumönnum hlutdeild í henni, skömmu eftir lok stríðsins. Bandaríkjamenn höfðu þá varpað kjarnorkusprengrum á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki með skelfilegum afleiðingum.

Þegar mér fór að vaxa grön og áhugi kviknaði á alþjóðamálum, vakti þessi þróun mála athygli mína. Því gerðist ég áskrifandi að nokkrum málögnum stjórnarinnar í Peking/Beijing og Pyongyang.

Ég fylgdist í þaula með skrifum um „stóra stökkið fram á veg“ og „menningarbyltinguna“ í Kína og mörg fleiri afrek landsföðurins, Mao Zedong (1893-1976). Eins og allir hinir, sem lásu verk Friedrich Engels (1820-1895) og Karl Heinrich Marx (1818-1883), sagðist hann hafa fundið hinu réttu túlkun hugsunar þeirra. Það varð kínverskur rétttrúnaður. Halldór Kiljan Laxness (1902-1998) hafði einu sinni á orði, að svo virtist sem enginn gæti lesið þýskar bækur, nema Kínverjar.

Handan suðurlandamæra Kína ríkti annar andans jöfur og landsfaðir, Kim Il-Sung (1912-1994). Í frásögnum þarlandra var hann sveipaður ofurhetjudýrðarljóma. Stundum varð mér á að kíma, þegar ég las um ævintýri þess ofurmennis. Hollur er heimafenginn baggi. Sonur hans, Kim Jong-il (1941-2011) var einnig ævintýralegt stórmenni.

Sonur hins síðarnefnda, sem nú er tekinn við, Kim Jong-un (f. 1984), skýtur föður sínum og afa jafnvel ref fyrir rass, enda dáður og dýrkaðar af þjóð sinni, sem hann heldur ánauðugri innan landamæra ríkisins. Kim leggur rækt við alþjóðlega ímynd sína, m.a. með þessari glæsilegu mynd (sjá neðanmáls) af sjálfum sér á hvítum stóðhesti eins og Napóleón forðum daga og Pútín sjálfur, en hann var ber að ofan. (Það gæti skipt sköpum.)

Í hjálagðri grein er að finna dágott og áhugavert yfirlit yfir glímu þeirra, feðga og langfeðga, í kóreanska keisaradæminu við alþjóðasamfélagið, einkum það, sem lýtur að þróun kjarnavopna. Það er grátbroslegt til þess að hugsa, hvernig Bandaríkjamenn hafa verið dregnir á asnaeyrunum.

Eins og margar þjóðir aðrar lögðu Norður-Kóreumenn ofuráherslu á það að eignast kjarnorkuvopn til að tryggja öryggi sitt í viðsjárverðum heimi. Stórveldunum hefur verið mjög í mun að takmarka dreifingu þeirra af augljósum ástæðum.

Opinberlega eru einungis fimm ríki, sem búa yfir þessum ógnvænlegum vopnum; Kína, Frakkland, Sameinaða konungsdæmið (Bretar), Rússar og Bandaríkjamenn. En það leikur varla vafi á því, að Ísraelar, Íranar, Indverjar, Pakistanar og Norður-Kóreumenn eigi slík vopn eða búi yfir þekkingu og tækni til að framleiða þau.

Því miður hefur mannkynið enn þá ekki borið gæfu til að eyða öllum gereyðingarvopnum í veröldinni. Hagsmunagæsla og valdatafl kemur í veg fyrir það. En alþjóðalögreglan, Bandaríkjamenn, fara stundum á kreik í því skyni.

George W. Bush (f. 1946) (eða ræðuritari hans, David Frum, og aðstoðarmaður hans, Michael Gerson) skilgreindi Norður-Kóreu meðal öxulvelda illskunnar, ásamt Írak og Íran. Afganistan flaut með sem felustaður Osama bin Laden (1957-2011), illvirkjans frá Sádí-Arabíu. Líklega hefur kjarnorkuvopnamáttur Norður-Kóreumanna og verndarhjúpur Kína, valdið því, að Bush eins og forverar hans, áræddu ekki að gera innrás í landið. En það urðu hins vegar örlög Afgana og Íraka. Enn sem fyrr hljómaði undirleikurinn frá SP.

Ætli sneypuinnrás Bandaríkjamanna og NATO í Afganistan hafi loksins sannfært leiðtoga heims um, að friður verði seint tryggður með ofbeldi – heldur ekki í Kóreu.

En svo er engan veginn víst, að þeir sem braggast á vopnasölu, kæri sig um frið. Vopnaiðnaður og stríðsrekstur sér mörgum farborða í iðnríkjunum „fyrsta heimsins.“

[https://www.foreignaffairs.com/articles/north-korea/2021-08-24/north-koreas-nuclear-family?utm\\_medium=newsletters&utm\\_source=twofa&utm\\_campaign=Winning%20Ugly&utm\\_content=20210903&utm\\_term=FA%20This%20Week%20-%2020112017](https://www.foreignaffairs.com/articles/north-korea/2021-08-24/north-koreas-nuclear-family?utm_medium=newsletters&utm_source=twofa&utm_campaign=Winning%20Ugly&utm_content=20210903&utm_term=FA%20This%20Week%20-%2020112017)